

Flutningsmaður tillögu: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Breytingartillögur eru yfirstrikaðar í gulu.

19. grein

Á vegum BÍS skal ætíð starfa sérstök 5 manna uppstillingarnefnd, kosin á Skátapingi til tveggja ára. Nefndin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi sínum.

Uppstillingarnefnd skal leita eftir fólki til starfa fyrir Bandalag íslenskra skáta samkvæmt því sem fram kemur í 18. grein, 20. grein, 22. grein, 23. grein, 26. grein og 28. grein laga þessara og tryggja að í hvert laust sæti sé a.m.k. einn frambjóðandi. Við störf sín skal uppstillingarnefnd ávallt leita eftir hæfum frambjóðendum og gæta þess, eftir því sem hægt er, að jafnræði sé með kynjunum í stjórn, nefndum og ráðum BÍS sem og að aldursdreifing sé sem jöfnust.

Framboð til áðurnefndra embætta má tilkynna til nefndarinnar og skal það vera skriflegt og undirritað af frambjóðanda. Framboð skulu hafa borist í síðasta lagi 3 vikum fyrir Skátaping.

Nefndin skal ljúka störfum í síðasta lagi 17 dögum fyrir þing. Nöfn, netföng og símanúmer nefndarmanna skulu tilgreind í fundarboði til Skátapings.

Stjórn BÍS skal kalla uppstillingarnefnd saman í síðasta lagi 15. janúar.

19. grein verður:

Á vegum BÍS skal ætíð starfa sérstök 5 manna uppstillingarnefnd, kosin á Skátapingi til tveggja ára. Að lágmarki skal einn nefndarmeðlimur ekki vera eldri en 25 ára á því ári sem kosning fer fram. Nefndin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi sínum.

Uppstillingarnefnd skal leita eftir fólki til starfa fyrir Bandalag íslenskra skáta samkvæmt því sem fram kemur í 18. grein, 20. grein, 22. grein, 23. grein, 26. grein og 28. grein laga þessara og tryggja að í hvert laust sæti sé a.m.k. einn frambjóðandi. Á þetta einnig við ungmennaráð og áheyrnarfulltrúa ungmenna þó kosið sé í þau hlutverk utan Skátapings.

Við störf sín skal uppstillingarnefnd ávallt leita eftir hæfum frambjóðendum og gæta þess, eftir því sem hægt er, að jafnræði sé með kynjunum í stjórn, nefndum og ráðum BÍS sem og að aldursdreifing sé sem jöfnust.

Framboð til áðurnefndra embætta má tilkynna til nefndarinnar og skal það vera skriflegt og undirritað af frambjóðanda. Framboð skulu hafa borist í síðasta lagi 3 vikum fyrir Skátaping. Á ungmennapingi þurfa framboð að

berast í síðasta lagi við lok þess dagskrárliðs sem kemur á undan kosningu á þinginu sjálfu og er því nóg að framboð berist til fundarstjóra þingsins.

Nefndin skal ljúka uppstillingarstörfum fyrir hvort þingið fyrir sig a.m.k. 17 dögum fyrir þingið. Nöfn, netföng og símanúmer nefndarmanna skulu tilgreind í fundarboði til Skátaþings og Ungmennabings..

Stjórn BÍS skal kalla uppstillingarnefnd saman í síðasta lagi tíu vikum fyrir Skátaþing.

19. grein rökstuðningur:

Þetta er allt sama lagabreytingin því þetta eru samtvinnnaðar breytingar - ein leiðir af aðra.

Það er nauðsynlegt að skýra uppstillingu í bæði ungmennaráð og áheyrnarfulltrúa ungmenna. Þá er það sömuleiðis nauðsynlegt að það sé einhver sem gegni því hlutverk og tilvalið að uppstillingarnefnd geri það til að flækja ekki óþarflega ferlið við uppstillingu (líkt og myndi eflaust gerast ef það væri skipuð sérstök uppstillingarnefnd ungmenna). Ef uppstillingarnefnd á að gegna þessu hlutverki er mikilvægt að það sé AÐ LÁGMARKI einn fulltrúi í nefndinni sem er 25 ára eða yngri.

Ástæðan fyrir því að það er lagt til að dagsetningin sem uppstillingarnefnd er kölluð saman og ljúki störfum miðist frekar við vikur/settan fjölda daga en setta dagsetningu er sú að í öllu öðru sem viðkemur Skátaþingi og Ungmennabingi er talað um fresti í vikum. Með því að miða við vikur í þessu tilviki frekar en eina ákveðna dagsetningu er hægt að tryggja að uppstillingarnefnd sé kölluð saman með nægilegum fyrirvara og ljúki störfum tímanlega.